



Kaskótrygging ferðavagna

Skilmáli B-10

Kaskótrygging ferðavagna bætir tjón á tryggðum ferðavagni, eðlilegum fylgihlutum hans og lausafé sem eru í vagninum að staðaldri vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika. Hugtakið ferðavagn nær utan um hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og ferðapallhýsi (e. camper). Hægt er að tryggja fortjöld og markísur, en þá er það tilgreint á skirteini með skráðu verðmæti.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmáli þessi, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á tryggðum ferðavagni, eðlilegum fylgihlutum hans og lausafé sem geymt er að staðaldri í vagninum vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem ekki eru sérstaklega undanskilin eða takmörkuð í skilmála þessum. Auk þess bætir tryggingin tjón vegna:

- eldsvoða eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði ef eldur verður ekki laus.
- þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar og skemmdarverka. Skilyrði bótaskyldu er að atvikið hafi verið tilkynnt til lögreglu svo fljótt sem auðið er. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast aðeins ef tjónsatburðurinn átti sér stað á Íslandi.
- veðurs, ef ferðavagn fýkur eða hurðir fjúka upp.

Þrátt fyrir undanþáguákvæði í almennum skilmálum félagsins tekur tryggingin til tjóna af völdum aur- eða vatnsflóða, skriðufalla, snjóflóða, verkfallsaðgerða eða upppota.

Tryggingin bætir einnig kostnað við flutning ferðavagns á næsta viðurkennda viðgerðarverkstæði sé ekki hægt að draga vagninn aftan í ökutæki af völdum bótaskylds atburðar sem gerst hefur á Íslandi. Bætur vegna þessarar greinar takmarkast við fjárhæð er fram kemur á skirteini.

Hámarksbætur vegna fylgihluta og lausafjár er tilgreint á skirteini. Ef fjárhæð er ekki tilgreind á skirteini eru hámarksbætur kr. 250.000.-

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- tjón sem verður rakið til hvers konar gælu- eða meindýra.
- tjón sem kemur til ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ferðavagn.
- tjón sem kemur til vegna steinkasts af vegi eða frá ökutæki. Með steinkasti er hér átt við þann atburð þegar steinn eða steinar skjótast í ferðavagn og valda skemmdum á yfirborði vagnsins. Þó bætast skemmdir ef steinkast veldur rofi á harðskel ferðavagns, broti á rúðum eða skemmdum á ljósabúnaði.
- ákomur á undirvagni, dekkjum eða felgum ferðavagns sem rýra ekki notagildi, jafnvel þótt ábyrgð framleiðanda falli niður við ákomu. Hér er t.d. átt við rispur, beyglur, höggsár, sveigju eða núningsmerki.
- þjófnað á einstökum hlutum ferðavagns.
- lausafé sem ekki er geymt inn í læstum ferðavagni eða læstu geymsluhólfi.
- tjón, slit og rýrnun ferðavagns eða einstakra hluta hans vegna notkunar eða umgengni.
- tjón sem verður vegna hefðbundinnar umgengni, svo sem reykinga og neyslu matar og drykkjar í ferðavagni.
- tjón sem orsakast af vatnsflóði inn í ferðavagn, eða hluta hans, sem orsakast t.d. af akstri yfir óbrúaðar ár, vötn eða læki. Þó bætir tryggingin skemmdir vegna vatns sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum húsnæðis þar sem vagninn er geymdur.
- tjón sem stafar af því að kælivatn eða vökvakerfi vagns frýs eða ofhitnar.
- tjón vegna hristings eða titrings við akstur.

- l. tjón á undirvagni sem rekja má til aksturs á landsvegum, stofnvegum um hálendið, slóðum eða utan vega, sem og tjón sem verða við akstur yfir óbrúaðar ár, vötn eða læki. Með undirvagni er hér átt við allt neðra byrði ferðavagns auk hjólbarða og felga.
- m. tjón sem rekja má til aksturs á svæðum eða vegum sem opinberir aðilar hafa varað við akstri, t.d. vegna vindhraða, vindhviða eða ástands vega.
- n. tjón af völdum sjóbleytu.

3. gr. Varúðarreglur

Tryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á skirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar, sbr. 26. gr. vsl.

- a. Ferðavagn skal vera tryggilega læstur þegar farið er frá honum og rúðum eða sóllúgum lokað. Sé hann geymdur utandyra eða í húsnæði sem aðrir en tryggður hafa aðgengi að skal vera lás á beisli eða hann festur tryggilega við áfastan hlut með viðurkenndum lás. Sé hann geymdur innandyra skal húsnæði vera læst.
- b. Ökumaður sem dregur ferðavagninn skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutæki örugglega og ekki undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna.
- c. Ökumaður sem dregur ferðavagninn skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutæki örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.
- d. Ekki skal aka með ferðavagninn ef stöðugur vindhraði hefur náð 20 m/sek. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mælingar Veðurstofu Íslands, stuðst skal við 10 mínútna meðalvindhraða á næstu veðurstöð við tjónsatburð.
- e. Tryggður skal sjá um að öryggisbúnaður ferðavagns og ökutækis sem hann dregur sé í lagi og viðeigandi miðað við aðstæður. Undir öryggisbúnað falla m.a. hjólbarðar, bremsur, stýrisbúnaður ásamt öðrum búnaði.
- f. Tryggðum ber í kjölfar bótaskylds atburðar að grípa til viðeigandi ráðstafanna til að takmarka tjónið, svo sem með því að færa það til skoðunar fagfólks eða færa á öruggan stað.
- g. Tryggðum ber að gæta þess að ferðavagn sé ekki geymdur innan beitarlands eða öðrum svæðum þar sem mikil hætta er á því að húsdýr nagi eða valdi öðru tjóni á vagninum.
- h. Á tímabilinu 1. október til 1. maí ber að ganga frá vagni þannig að hann sé í góðu skjóli frá vindi og tryggilega festur niður sé hann er staðsettur utandyra.
- i. Ef ferðavagn er staðsettur utandyra skal reglulega kanna ástand á honum, t.d. hvort hurðir og gluggar séu lokaðir. Eftir óveður skal svo fljótt sem kostur er kanna hvort tjón hafi orðið á vagni.

Öðrum þeim sem með samþykki tryggs nota og bera ábyrgð á ferðavagni, ber að fylgja sömu varúðarreglum.

2. Kafli. Almenn ákvæði

4. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er skráður eigandi þess ferðavagns sem tiltekinn er á skirteini.

5. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi. Enn fremur gildir tryggingin í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, Bretlandi og Sviss í allt að 90 daga frá brottfarardegi ferðavagns frá Íslandi. Tryggingin gildir jafnframt fyrir ferðavagn í flutningi milli landa með fyrsta flokks flutningaskipi, enda sé um árstryggingu að ræða.

6. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- a. ferðavagn verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álítur ekki borga sig að gera við hann.
- b. ferðavagn er stolið og hann hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um þjófnað.

Verði algert tjón greiðir félagið aldrei hærri bætur en sem nemur raunvirði ferðavagns. Raunvirði telst vera sú fjárhæð sem þurft hefði til kaupa á ferðavagni á því verðlagi sem síðast var á sambærilegum vagni á tjónsdegi, miðað við staðgreiðslu.

Félagið áskilur sér rétt til þess að fullnægja bótaskyldu sinni samkvæmt þessari grein með því að afhenda tryggða annan sambærilegan ferðavagn miðað við tegund, aldur og útbúnað þannig að tryggði verði fjárhagslega í sömu stöðu fyrir tjón og eftir. Tjón greiðist aðeins í íslenskum krónum. Ef félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ber tryggðum að afsala félaginu ferðavagninum.

7. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist ferðavagn án þess að skilyrði 6. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera vagninn, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og hann var fyrir tjónið. Það telst fullnaðarviðgerð þótt viðgerð sé sýnileg, t.d. vegna mismunandi upplitar á ytra byrði vagns.

Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Lækkun á markaðsverði ferðavagns, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

8. gr. Áhættubreyting

Iðgjald miðast við einkanotkun á ferðavagni nema um annað sé sérstaklega samið. Sé ferðavagn notaður í atvinnuskyni, t.d. útleigu, veitingasölu o.s.frv. skal tilkynna félaginu þá áhættu tafarlaust. Breytt áhætta getur leitt til breytingar á iðgjaldi eða niðurfellingar á tryggingu. Misbrestur á því að tilkynna áhættubreytingu getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins, sbr. 25. gr. vsl.

Skilmálar þessir gilda frá 01.06.2025